

Viðbrögð vegna jarðskjálfta

Eftirfarandi viðbrögð við jarðskjálfta byggja á tilmælum frá almannavörnum ríkisins og skal æfð í skólanum á hverjum vetri.

Innandýra

- ✓ Ekki reyna að hlaupa út á meðan skjálftinn stendur yfir
- ✓ KRJÚPA, SKÝLA og HALDA -verja höfuð og háls. Ef hægt - fara undir borð og halda í borðfótinn. Annars skal vera við burðarvegg, í horni eða í dyraopi.
- ✓ Halda sig frá gluggum, hillum og lausum hlutum
- ✓ A.m.k einn starfsmaður þarf að hafa yfirsýn yfir börnin.
- ✓ Tala róandi til barnanna:
 - Segja þeim að skjálftinn muni fljótlega ganga yfir.
 - Láta þau vita að foreldrar þeirra fá vitneskju um þau jafn skjótt og kostur er.
- ✓ Eftir skjálfta- tryggja öryggi!
- ✓ Sé það mat stjórnenda að húsið sé óöruggt eftir skjálfta, skal fara rólega út á safnstaði deilda samkvæmt Rýmingaráætlun Hulduheima. Ef augljós hættu skal rýma án þess að bíða eftir fyrirmælum stjórnanda.

Utandýra

- ✓ Ekki hlaupa inn í hús. Halda sér frá byggingum- vera á opnu svæði
- ✓ Setjast eða krjúpa niður á staðnum, verja höfuð og háls ef við á.
- ✓ Reyna að hafa yfirsýn yfir hópinn, haldið eins mörgum börnum saman og hægt er.
- ✓ Tala róandi til barnanna
 - Segja þeim að skjálftinn muni fljótlega ganga yfir.
 - Láta þau vita að foreldrar þeirra fá vitneskju um þau jafn skjótt og kostur er.
- ✓ Þegar skjálfta lýkur er farin stysta leið á söfnunarstaði deilda og beðið frekari fyrirmæla. Ekki fara inn í hús fyrr en búið er að kanna aðstæður.

Í kjölfar jarðskjálfta þarf að hafa eftirfarandi í huga:

- ✓ Halda ró okkar!!
- ✓ Vera meðvituð um það hvar börnin eru og hvað eru mörg börn á hverjum stað. Mikilvægt er að muna að börn sem verða hrædd geta falið sig, því er nauðsynlegt að hafa yfirsýn yfir barnafjölda og nafnalista.
- ✓ Öryggispokar með nafnalistum deilda eru við alla neyðarútganga.